



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 8. fundur stjórnar KLÍ, 2009-2010  
**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ  
**Hvenær:** miðvikudag. 18.11.09 kl. 17:30  
**Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (PI) formaður  
Pórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður  
Helga Sigurðardóttir (HS) ritari  
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri  
Reynir Þorsteinsson (RS) fundarritari  
Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður  
Theodóra Ólafsdóttir (TÓ) starfsmaður  
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) varamaður

### Boðuð forföll:

**Fjarverandi:** Sigurlaug Jakobsdóttir (SJ) varamaður

**Fundarritari:** RP

**Helstu mál:** Starfsmaður, Landsliðsmál

## Dagskrá fundarins:

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 7. fundar 2009-2010 samþykkt.

### 2. Meðaltal

Tolli var með kennslu síðastliðinn miðvikudag. Búið er að uppfæra meðaltalið til júlí og vinna er í gangi til að uppfæra þá mánuði sem eftir eru. Til að þjálfa sig áfram ætla PI að setja inn skor úr Hjóna- og paramótunum og PMP skor úr Pepsí Max mótunum.

### 3. Önnur mál

Bréf hefur borist frá Keilusambandi Spánar þar sem þeir telja sig misrétti beittir þar sem Keilusamband Katalóníu hefur verið samþykkt sem landssamband. Eftir nokkra umræðu var ákveðið að KLÍ myndi ekki beita sér í þessu máli.

Tekin var fyrir Reglugerð fyrir AMF mót sem barst frá ÍR. Athugasemdir komu um að í sjöttu grein vantaði skilgreiningu á hvernig forgjöfin væri reiknuð út í þriðju forkeppninni auk þess sem í 10 grein þyrfti að fjarlægja 2009.

Jólakveðjur – PI mynnti á að senn kæmu jól og það þurfi að uppfæra jólakortalista KLÍ.

Norræni fundurinn verður á Íslandi næsta ár. Hann mun vera haldinn í byrjun Júní eða lok Maí. PI mun senda hinum norrænu samböndunum og biðja um staðfestingu á dagsetningum.

Björn Guðgeir Sigurðsson sendi inn erindi til KLÍ þar sem hann benti á að hann eigi mikið magn af upptökum frá keilunni. Bæði nýjum og gömlum. Hann vill láta KLÍ fá eintak af þessu ef hægt er að koma þessu á framfæri. Fundarmönnum leist vel á þetta og þarf að skoða möguleika sem eru í stöðunni. Er hægt að fá hýsingu hjá ÍSÍ?

Útgáfa af nýjum keppnisskírteinum. Listi verður tilbúinn um áramótin og verður kostnaður við þau greiddur af Keiluhöllinni.

Ekki var ákveðin tímasetning á næsta fundi.